



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSLE3NB05

Kennarar	Anna Karlsdóttir Taylor (anna.karlsdottir@fss.is) Hulda Egilsdóttir (hulda.egilsdottir@fss.is)	 
Viðtalstímar	Mánud. kl. 9:20–10:00 (AKT) Fimmtud. kl. 10:30–11:10 (HE)	

Námsefni	Dagný Kristjánsdóttir: <i>Öldin öfgafulla</i> ath. 2. útgáfa <i>Þyrnar og rósir: Sýnisbók íslenskra bókmennta á 20. öld</i> Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson: <i>Ljóðamál</i> Sjón: <i>Mánasteinn</i> Leikhúsmiði í Þjóðleikhúsið Gögn í efnishólfi Innu
-----------------	--

Áfangalýsing	Í áfanganum kynnst nemendur íslenskum nútímabókmenntum í samhengi við strauma og stefnur í samtíma þeirra. Nemendur lesa fjölbreytta bókmenntatexta sér til gagns og ánægju og skoða víxlverkun þeirra og samfélags og einstaklings. Nemendur kynnst jafnframt hinum ýmsum birtingarmyndum nútímamenningar og fá tækifæri til virkrar þátttöku í menningarsamfélagi.
---------------------	--

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn byggir á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda. Notast verður við fjölbreyttar námsmatsaðferðir. Í því felst m.a. verkefnavinna, bæði munnleg og skrifleg, kynningar, kannanir, vettvangsferðir og viðtöl. Í áfanganum er símat og til að ná markmiðum hans þarf að skila öllum verkefnum.* Verkefnin þurfa öll að vera unnin með fullnægjandi hætti og í samræmi við fyrirmæli. Lágmarkseinkunn í leskönnunum er 4,5.		
	Í níundu kennsluviku verður stoðtími þar sem hægt er að vinna upp mest tvö verkefni . Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum frá fyrri hluta annar.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Textarýni tímabila		50%
	Verkefni tengd <i>Mánasteini</i>		10%
	Vinnustofur		10%
	Vinnubók (stikkorð)		10%
	Leskannanir (<i>Öldin öfgafulla</i>)		20%

Reglur áfanga	Hver kennslustund er vinnutími og því nauðsynlegt að viðeigandi námsgögn séu ávallt við höndina hverju sinni. Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema að kennarar ákveði og/eða leyfi annað. Símar skulu geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar ef kennarar ákveða svo.
Annað sem kennarar vilja láta koma fram	* Ef upp koma lengri veikindi eða annað sambærilegt er nemandi heimilt að sleppa einu lotuverkefni (eða láta ófullnægjandi lotuverkefni falla niður). Þetta gildir ekki um síðasta lotuverkefni annarinnar né leikhúsfærð, <i>Mánastein</i>, leskannanir og vinnubók. Þar sem um símatsáfanga er að ræða er mikilvægt að mæta vel og vera virkur í kennslustundum. Nemendur mega ekki fá fleiri en 10 fjarvistir á önninni. Athugið að ekki skiptir máli hver ástæða fjarvistanna er (veikindi, leyfi eða annað).
Grunnþættir menntunar	Unnið er markmisst með ábyrgð nemenda á eigin námi. Kennarar taka tillit til áhuga nemenda, bæði hvað varðar námsefni og úrvinnslu verkefna. Lögð er áhersla á góð samskipti og að viðfangsefni grundvallist af jafnræði og jafnrétti. Með fjölbreyttu námsmati er komið til móts við nemendur þar sem stuðlað er að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Lagt er upp með að lesa margs konar texta og vinna með þá, bæði skriflega og með öðrum hætti. Nemendur eiga reglulega að færa hugsanir sínar í orð. Sköpun er höfð að leiðarljósi í verkefnavinnu og undirstrikað að nemendur viðhafi gagnrýna hugsun og leiti ólíkra lausna við útfærslu.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Hugtökum sem notuð eru við bókmenntagreiningu - Helstu einkennum íslenskrar bókmenntasögu og bókmenntastefna eftir 1900 - Formlegum og hugmyndalegum einkennum valinna bókmenntaverka tímabilsins	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Beita hugtökum bókmenntafræðinnar til greiningar á nútímabókmenntum - Greina helstu bókmenntastrauma í nútímanum - Lesa og túlka bókmenntatexta og notkun bókmenntalegra hugtaka í því samhengi - Greina, túlka og njóta lista og menningar - Beita myndrýni og myndrænni túlkun
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Útskýra og mynda sér skoðun á bókmenntaverkum í samhengi við samtíma sinn - Beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu bókmenntatexta - Frekari þátttöku í menningarsamfélagi	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur fyrir tíma og verkefnaskil	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Lestur skáldsögu - <i>Mánasteinn</i>	3 klst.	3 klst.
Vettvangsferðir	3 x 4 klst.	12 klst.
Alls		111 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis og verkefnaskil	Textar
1. vika 19.-21. ágúst	Skipulag annar Myndmál rifjað upp - verkefni	<i>Ljóðamál</i> : 4. kafli myndmál
2. vika 24.-28. ágúst	Stílbrögð - verkefni Textagreining	<i>Ljóðamál</i> : 5. kafli stílbrögð
3. vika 31. ágúst-4. september	1. lota – Bókmenntasaga 1900-1920 Nýrómantík Bókmenntasaga - vinnubók	Öö: 9-49 ÞR: Textar í anda nýrómantíkur og nýir textar
4. vika 7.-11. september	1. lota – Bókmenntasaga 1900-1920 Nýrómantík – einstaklingsverkefni <i>Mánasteinn</i> - kveikja	Öö: 9-49 ÞR: Textar í anda nýrómantíkur og nýir textar Byrja að lesa <i>Mánastein</i>
5. vika 14.-18. september	2. lota – Bókmenntasaga 1920-1930 Expressjónismi, súrrealismi - paraverkefni	Öö: 51-63 ÞR: „Únglingurinn í skóginum“ og „Sorg“
6. vika 21.-25. september	<i>Mánasteinn</i> – leskönnun og verkefnavinna	<i>Mánasteinn</i>
7. vika 28. september-2. október	3. lota – Bókmenntasaga 1930-1950 Félagslegt raunsæi – umræður og kynningar um skáld og skrif í kreppunni Leikhúsfærð - Þjóðleikhús	Öö: 65-81 ÞR: Skáld og textar félagslegs raunsæis
8. vika 5.-9. október	Leiksýning – úrvinnsla og verkefnavinna Kynin „eftir máli“	<i>Nýtt eldhús eftir máli</i> Eldhús eftir máli
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	3. lota – Bókmenntasaga 1940-1950 Tímamótaverk 5. áratugar Stoðtími	Öö: 83-105 ÞR: <i>Þorpið</i> og <i>Tíminn og vatnið</i>
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	4. lota – Bókmenntasaga 1950-1970 Móðernismi Leskönnun úr <i>Öldin öfgafulla</i> f.hl.	Öö: 107-141 (sl. 133-136)
11. vika 26.-30. október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	4. lota – Bókmenntasaga 1950-1970 Móðernismi - Hannes Sigfússon Vettvangsfærð	ÞR: Hannes Sigfússon Öö: 107-141 (sl. 133-136) <i>Dymbilvaka</i>
12. vika 2.-6. nóvember	Nýja smásagan - tímaverkefni 5. lota – Bókmenntasaga 1970 -1980 Nýraunsæi - (para)verkefni	<i>Gatan í rigningu</i> Öö: 143-163 og 165-195 (sl. 178-184) ÞR: Textar í anda nýraunsæis
13. vika 9.-13. nóvember	5. lota – Bókmenntasaga 1980-1990 Fantasíur Töfraraunsæi	Öö: 197-215 og 234-235 <i>Í draumi manns</i> Textar í anda töfraraunsæis
14. vika 16.-20. nóvember	6. lota – Bókmenntasaga 1990-2010 /'26 Póstmóðernismi og samtíminn Tímaverkefni	Öö: 216-263 (sl. 219-230) ÞR: Textar í anda póstmóðernisma
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	6. lota – Bókmenntasaga 1990-2010 /'26 Leskönnun úr <i>Öldin öfgafulla</i> s.hl. Vinnustofur – lotukviss	Öö: 216-263 (sl. 219-230)
16. vika 30. nóvember-4. desember	6. lota – Bókmenntasaga 1990-2010 /'26 Vinnustofur – lotukviss - Fyrirlögn Skil vinnubók (stikkorð) Stoðtími	Öö spjaldanna á milli Bar(a) svar(a) 😊

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Anna og Hulda

Fjölbrautaskóli Suðurnesja